


EINTAK BÓKASAFNS

VMST - N / 87004

ATHUGANIR Á LAXASTOFNUM MIÐFJARÐARÁR 1986

EFTIR

TUMA TÓMASSON



VEIÐIMÁLASTOFNUN


Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

VMST - N / 87004. Janúar
1987



Athuganir á laxastofnum Miðfjarðarár 1986.

Síðan 1984 hafa starfsmenn Veiðimálastofnunar kannað á kerfisbundinn hátt laxastofna Miðfjarðarár og unnið að ræktunarstarfi ásamt Veiðifélagi Miðfirðinga. Í þessu skini er upplýsingum safnað um seiðastofna með rafveiðum og afla veiðimanna með töku hreistursýna o.fl. Jafnframt hefur verið dregið á að stangveiðitíma loknum, og seiðin merkt og þeim sleppt. Frjóvguð hrogn hafa verið grafin í ármölin þar sem lax getur ekki gengið vegna fossa.

Með því að safna gögnum á skipulegan hátt er hægt að meta áhrif mismunandi ræktunaraðgerða, og jafnframt er hægt að fylgjast með ástandi laxastofna á hverjum tíma. Þetta er grundvöllur þess að hægt sé að stunda árangursríkt ræktunarstarf í framtíðinni.

Veiðin 1986

Sumarið 1986 veiddust á stöng 1722 laxar, á móti 1052 árið áður. Eins og við var að búast jókst veiði stórlaxa mest (úr 206 í 627), en síðastliðið sumar veiddust einnig fleiri smálaxar en árið á undan (úr 846 í 1095). Um fjórðungur allra laxa sem veiddust sumarið 1986 voru upprunnir úr eldi. Þar ber hæst laxa úr smáseiðasleppingum á ólaxgeng svæði (24% smálaxa og 19% stórlaxa), en hlutfall laxa úr gönguseiðasleppingum var lítið (2% smálaxa og 4% stórlaxa). Mjög var misjafnt eftir ám hve hátt hlutfall veiðinnar var úr sleppingum, frá um 6% í Vesturá í um 45% í Austurá.

Náttúrulegir seiðastofnar

Vaxtarhraði seiða hefur aukist mjög frá 1984, og ferskvatnsdöl seiða er nú rúmu ári skemmri en var þá. Ætla má að náttúruleg dánartala seiða á milli ára sé algengt 30-90%, og aukist þegar dregur úr vexti. Aukinn vaxtarhraði og stytting ferskvatnsdvalar er því merki um að ástandið sé gott.

Slepping smáseiða á ólaxgeng svæði

Á hverju hausti er tekin klaklax úr Miðfjarðará til nota í ýmis ræktunarverkefni, svo sem smáseiðasleppingar. Þessar sleppingar hófust 1981. Árið 1982 fengust einungis mjög léleg seiði og 1984 var horfið frá sleppingu vegna sjúkdóms sem kom upp í eldisstöðinni.

Sleppingin 1981 var alls 50000 seiði. Heimtur í stangveiði úr þeirri sleppingu er áætluð um 0,75%. Ekki liggur enn fyrir hvernig tókst til 1983, en árangurinn verður þó tæplega betri í heildina, þó skilaði sleppingin í Austurá sér um 1% sem smálax í sumar.

Með því að fylgjast með afkomu sleppiseiða á mismunandi stöðum hafa fengist upplýsingar sem munu leiða til betri árangurs smáseiðasleppinga. Niðurstöður rafveiða gefa ástæðu til bjartsýni um árangur seiðasleppinga 1985 og 1986. Árangurs þessara sleppinga mun fyrst verða vart 1988.

Slepping gönguseiða

Merktum gönguseiðum hefur verið sleppt á tvo staði í Miðfjarðará undanfarin þrjú sumur, annars vegar í nótakví neðst í ánni, og hinsvegar í sleppitjörn við Bjargshól 1984 og 1985, og í Núpsá 1986. Sleppingar við ósinn hafa skilað betri árangri. Ur sleppingunum 1984 skiluðu 1.2 og 0.7% sér eftir eitt ár og önnur 0.2% úr hvorri sleppingu heimtust eftir tveggja ára sjávardvöl. Ósasleppingin 1985 skilaði sér 0.9% sem smálax 1986, á meðan heimtur úr efri sleppingunni urðu nær engar.

Sumarið 1985 safnaðist töluvert af laxi við sleppistaðina, en í sumar veiddist enginn merktur lax fyrir neðan brú. Það er því sennilega einhvert samspil á milli sleppistaðar og aðstæða í ánni, sem hefur áhrif á hvert í ána laxinn gengur. Rúmlega tíundi hver örmerktur lax sem veiðist í Miðfjarðará er upprunninn úr sleppingum í aðrar ár, allt frá Vestfjörðum og austur í Vopnafjörð.

Rannsóknarverkefni í Núpsá

Í sumar var hafinn undirbúningur að sérstöku rannsóknarverkefni í Núpsá. Tilgangur verkefnisins er að kanna sveiflur í gönguseiðaframleiðslu og endurheimtum úr sjó á eldis- og náttúrulegum gönguseiðum. Til að geta sinnt þessu verkefni þarf að stunda gildruveiði við neðri brúna á Núpsá, sérstaklega framan af sumri, til veiða og merkinga á gönguseiðum og fullorðnum laxi. Við munum að fremsta megni leitast við að láta þessar rannsóknir valda sem minnstu raski fyrir veiðimenn.

Að lokum

Við viljum þakka veiðimönnum fyrir mjög gott samstarf á síðastliðnu ári og vonum að þið munið áfram verða okkur hjálpsamir og sýna skilning á rannsóknarstarfinu. An ykkar þátttöku munu hverskonar rannsóknir reynast erfiðar í framkvæmd.

Við óskum ykkur gæfu og góðrar veiði 1987.

Hólum 12. janúar 1987.

Tumi Tómasson

fiskifræðingur Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar

Jens Guðmundsson Gili 551 Sauðárkróki
Hróðmar Hjörleifsson Kimbastöðum 551 Sauðárkróki
Viðar Agústsson Bergsstöðum 551 Sauðárkróki
Sólberg Steindórsson Birkihlíð 551 Sauðárkróki
Hróðmar Margeirsson Ögmundarstöðum 551 Sauðárkróki
Karl Eiríksson Vatnshlíð 560 Varmahlíð
Jón Gissurarson Víðimýrarseli, 560 Varmahlíð
Jónmundur Pálsson Miðmói 570 Fljót
Georg Hermannson Ystamói 570 Fljót
Zophanías Frímannsson Syðstamói 570 Fljót
Sigurbjörn Þorláksson Langhúsum, 570 Fljót
Björn Halldórsson Ketu, 551 Sauðárkróki
Reynir Pálsson Stórubrekku, 570 Fljót
Jón Kort Haganesi, 570 Fljót
Haraldur Arnason Sjávarborg, 551 Sauðárkróki
Sigurður Sigfússon Vík, 551 Sauðárkróki
Halldór Hafstað Útvík, 551 Sauðárkróki
Svavar Hjörleifsson Lyngholti, 551 Sauðárkróki
Sigurpór Hjörleifsson Messuholti, 551 Sauðárkróki
Hreinn Guðjónsson Selá, 551 Sauðárkróki
Steinn Rögnvaldsson Hrauni, 551 Sauðárkróki
Bjarni Egilsson Hvalnesi, 551 Sauðárkróki
Leifur Þórarinnsson Keldudal, 551 Sauðárkróki
Sigurjón Björnsson Garði, 551 Sauðárkrókur
Halldór Jónsson Mannskaðahóli, 566 Hofsós
Friðrik Antonsson Höfða, 566 Hofsós
Valgeir Þorvaldsson Vatni, 566 Hofsós
Reynir Gíslason Bæ, 566 Hofsós
Eggert Jóhannsson Felli, 566 Hofsós
Magnús Pétursson Hrauni II, 566 Hofsós
Þórarinn Guðvarðsson Minnireykjum, 570 Fljót
Örn Þórarinnsson Ökrum, 570 Fljót